

Auður Aðalsteindóttir

„Ástkonur, eyjar og blek“ Vistfémínismi í verkum Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur og Tove Jansson¹

Sumarið 2023, þegar þetta er ritað, berast sífelldar fréttir af nýjum loft-hitametum um heim allan og hitastig sjávar hefur aldrei mælst hærra.² Þótt vísindamenn hafi lengi varað við yfirvofandi hamfarahlýnun undrast þeir og óttast hraða breytinganna, enda aukast sífellt líkurnar á að vistkerfi nái vendipunktum (e. *tipping points*) og að upp hefjist keðjuverkun þar sem afleiðingar hlýnunar valda enn frekari hlýnun. Hugtakið loftslagsörлагatrá (e. *climate change fatalism*) hefur verið notað til að lýsa og vara við uppgjöf andspænis slíkum vísbendingum um að líf manna á Jörðinni sé jafnvel þegar dauðadæmt.³ Draumórar um að lausnin leynist handan við hornið geta hins vegar verið jafngildi þess að grafa höfuðið í sandinn. Fræðafólk á borð við Önnu Tsing, Donnu Haraway, Suzanne Simard og Jane Bennett telur að við verðum að hætta að láta okkur dreyma um að einhver muni bjarga heiminum frá glötun og hanna hina fullkomnu tilveru; hvorki útópíur né dystópíur henti til að takast á við hinn nýja veruleika.⁴ Í staðinn mæla þau með því að nálgast umhverfið af forvitni. Það

- 1 Grein þessi er hluti af nýdoktorsverkefni mínu við Rannsóknasetur Margrétar II. Danadrottningar og frú Vigdísar Finnbogadóttur um haf, loftslag og samfélag (ROCS) við Háskóla Íslands, sem var styrkt af Carlsberg sjóðnum og Rannís (styrknúmer CF20-0449/ROCS20-0449).
- 2 World Meteorological Organization, „Exceptional Heat and Rain, Wildfires and Floods Mark Summer of Extremes“, vefsíða WMO, 3. ágúst 2023; Eric Zerkel, „Ocean Heat Around Florida is ‘Unprecedented,’ and Scientists are Warning of Major Impacts“, *CNN*, 16. júlí 2023; Laura Paddison, „The North Atlantic is Experiencing a ‘Totally Unprecedented’ Marine Heat Wave“, *CNN*, 20. júní 2023.
- 3 Sjá t.d. Solitaire Townsend, „The Epic Story of Solving Climate Change“, *Forbes*, 14. september 2018; Peter H. Gleick, „Saving Earth. Don’t Fall into Climate Change Fatalism“, *Huffpost*, 1. ágúst 2018.
- 4 Anna Tsing, *The Mushroom at the End of the World. On the Possibility of Life in Capitalist Ruins*, Princeton: Princeton University Press, 2015; Donna J. Haraway, *Staying With the Trouble. Making Kin in the Chthulucene*, Durham: Duke University Press, 2016; Suzanne Simard, *Finding the Mother Tree. Uncovering the Wisdom and Intelligence of the Forest*, Penguin Books, 2021; Jane Bennett,

kenni okkur að tilveran sé stöðug hreyfing, flækjur og ófullkomleiki og að hún sé knúin áfram af truflunum, raski og veseni (e. *trouble*), sem aldræi hafi verið mikilvægara en nú að bregðast við í félagi með öllu(m) öðru(m) sem tilvera okkar er samþætt. Í samræmi við það vex þeirri umhverfisorðræðu fiskur um hrygg sem berst gegn skaðlegu valdakerfi á allan mögulegan hátt – „á öllum vígstöðvum, lóðrétt og lárétt!“ eins og rithöfundurinn og heimspekingurinn Oddný Eir Ævarsdóttir orðar það í skáldsögunni *Undirferli. Yfirbeyrsla* (2017).⁵ Sú margþætta orðræða smýgur meðal annars inn í skáldskapinn sem á þar með þátt í að móta hana með skapandi, oft tilraunakenndum og stundum óvæntum hætti.

Notkun Oddnýjar Eirar á hinu dulræna, fantasíu og mystík, sem nær allt frá því að endurnýta tákni og sögur úr norrænni goðafræði (í *Undirferli*) til grufis um nýaldarfræði (í *Ástarmeistararnum*, 2014), fellur vel að andlegum þræði náttúruskrifa sem sækir að mörgu leyti innblástur í bandaríska hugsáisstefnu (e. *transcendentalism*) Henrys Davids Thoreau í *Walden* (1854), eins og nánar verður útlistað hér aftar. Það liggur því nokkuð beint við að nýta slíka þætti til að taka virkan þátt í sífellt meira knýjandi loftslags- og umhverfisverndarumræðu. Í *Undirferli* tengir Oddný náttúruna við dulvitund okkar og hið andlega með notkun fantasíu og goðsagnakenndra þátta og í lok bókar er því lýst yfir að nú sé „tími heiðnu frjósemisgyðjunnar Freyju runninn upp“.⁶ Þetta staðsetur verk hennar innan ákveðinnar hefðar andlegrar, femínískrar umhverfisverndarorðræðu sem felur meðal annars í sér vísanir til gyðjudýrkunar og miðar að því að skapa heildræna nálgun sem tekur inn í myndina fleiri þætti en vísindalegar staðreyndir og nytsemissjónarmið.⁷ Vistfemínismi leggur áherslu á gagnkvæm tengsl kúgandi valdakerfa, ekki síst tengsl kynjamismununar og arðráns náttúrunnar,⁸ og í andófi hans gegn valdníðslunni hefur þótt

Vibrant Matter. A Political Ecology of Things, Durham: Duke University Press, 2010.

5 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli. Yfirbeyrsla*, Reykjavík: Bjartur, 2017, bls. 164.

6 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 140.

7 Auður Aðalsteinsdóttir, „Femínísk vistdraumsýn á Freyjueyju“, *Tímarit Máls og menningar*, 4/2018, bls. 131–35; „Icelandic Literature and Ecofeminism“, *The Routledge Handbook of Ecofeminism and Literature*, ritstj. Douglas A. Vakoch, New York og London: Routledge, 2022, bls. 213–22. Sjá einnig Shahid Naem, „Ecosystem Services. Is a Planet Servicing One Species Likely to Function?“, *Linking Ecology and Ethics for a Changing World. Values, Philosophy, and Action*, London og New York: Springer, 2013, bls. 303–22, hér bls. 303.

8 Kimberlé Crenshaw kom fram með hugtakið *intersectionality* eða *samtvinnun* til að lýsa því hvernig mismunun vegna kyns, kynþátta, uppruna, kynhneigðar, fötlunar, stéttar o.fl. skarast. Kimberlé Crenshaw, „Demarginalizing the Intersection of Race and Sex. A Black Feminist

mikilvægt að afhjúpa sögu gyðjudýrkunar,⁹ með áherslu á náttúrugyðjur, til að tefla henni fram sem kvenlegu, andlegu mótvægi við kúgun og efnisleg gróðasjónarmið.¹⁰ Kunnasta íslenska skáldsagan sem nýtir sér slíkar femínískar náttúrugyðjuhugmyndir er *Gunnlaðar saga* (1987) eftir Svövu Jakobsdóttur.¹¹ Greta Gaard hefur fjallað um gagnrýni á það menningarnám sem felst jafnan í slíkum vísunum til sögulegrar gyðjudýrkunar í nýju, vistfemínísku samhengi og bendir á þau orð Paulu Gunn Allen að þegar helgitákn eru tekin úr samhengi þeirra helgisíða og þeirrar menningar sem þau tilheyra (yfirleitt vegna vanþekkingar á því samhengi) séu niðurstöðurnar oft fátíðlegar.¹² Gaard segir það mikilvæga spurningu hvort við hæfi sé að sækja þannig í menningu annarra og segir að til að forðast menningarlega heimsvaldastefnu verði andlegur vistfemínismi að „þróast náttúrulega á tilteknum landfræðilegum og menningarlegum stað“.¹³ Það er að einhverju leyti slík „náttúruleg þróun“ sem Svava Jakobsdóttir sækist eftir með því að vísa í íslenskættuðu goðsöguna um Gunnlöðu og sem Oddný Eir leitast við að skapa með vísunum til norrænu gyðjunnar Freyju, þótt innblástur sé greinilega sóttur til vistfemínískra hugmynda um dýrkun jarðargyðja í fornri eða framandi menningu.

Oddnýju Eiri er meðal annars hugleikið hlutverk eyja og eyjabúa á tímum loftslagsbreytinga. Í *Jarðnæði* (2011) lýsir hún leit sinni að betri

Critique of Antidiscrimination Doctrine, Feminist Theory and Antiracist Politics“, *University of Chicago Legal Forum*, 1989, bls. 139–67. Sjá einnig Gretu Gaard: „Ecofeminism and Climate Change“, *Women's Studies International Forum*, mars–apríl/2015, bls. 20–33.

- 9 Carol Christ, „Why Women Need the Goddess“, *Womanspirit Rising. A Feminist Reader in Religion*, ritstj. Carol P. Christ og Judith Plaskow, San Francisco: Harper and Row, 1979, bls. 275–76; Gloria Feman Orenstein, *The Reflowering of the Goddess*, Oxford: Pergamon Press, 1990, bls. 14.
- 10 Sbr. Gretu Gaard, „Ecofeminism and Native American Cultures. Pushing the Limits of Cultural Imperialism?“, *Ecofeminism. Women, Animals, Nature*, ritstj. Greta Gaard, Philadelphia: Temple University Press, 1993, bls. 295–314, hér bls. 306. Ágætis umfjöllun um vistfemínisma í íslensku samhengi má finna í grein Unnar Birnu Karlsdóttur, „Grænn femínismi. Vistfemínískir þræðir í íslenskri umhverfispólítík“, *Ritid*, 2/2022, bls. 141–64.
- 11 Soffía Auður Birgisdóttir hefur fjallað um „hina róttæku endurtúlkun [Svövu] á 104.–110. erindi *Hávamála* sem liggur til grundvallar Gunnlaðar sögu“ í greininni „Lífsvon í deyjandi sköpunarverki. Um Gunnlaðar sögu og Graalsögnina“ sem birtist fyrst í *Kona með spegil. Svava Jakobsdóttir og verk hennar*, ritstj. Ármann Jakobsson, Reykjavík: JPV, 2005, bls. 116–30.
- 12 Paula Gunn Allen, *The Sacred Hoop. Recovering the Feminine in American Indian Traditions*, Boston: Beacon Press, 1986, bls. 73–74. Um slíkt menningarnám sjá einnig Ginu Gilio-Whitaker, *As Long as Grass Grows. The Indigenous Fight for Environmental Justice, from Colonization to Standing Rock*, Boston: Beacon Press, 2019, bls. 160–61.
- 13 Greta Gaard, „Ecofeminism and Native American Cultures“, bls. 307–08. Allar þýðingar eru mínar nema annað sé tekið fram.

leið til að lifa. Markmiðið er augljóslega pólitískt, að finna aðrar leiðir en niðurbrotandi kapítalisma, en hún tengir það sínu persónulega hlutskipti sem konu og rithöfundar, það er leit sinni að fullnægjandi formi sambúðar með öðrum sem felur jafnframt í sér næði til að skrifa. „[...] líklega þarf ég hvort tveggja, algjöra einveru og ástrík samskipti,“ segir hún í *Jarðnæði* og tengir sig í því efni frekar við kvenlega en karllega hefð: „Litli kofinn hans Strindbergs er úti á lítilli eyju inni í skógi og þar stendur skrifborðið hans enn, aleitt,“ rifjar hún upp, sem og ummæli um að „næðið sem Strindberg sóttist eftir hafi verið tóm tómt eða neikvætt, næði í einhverskonar hvergi því hann sótti sköpunarkraft sinn í einveru og sjálfs-vorkunn“. ¹⁴ Þetta neikvæða næði er í sterkri andstöðu við það þrefalda „já“ sem fylgir annarri lýsingu á eyjardvöl höfundar: „Já já og Tove Jansson bjó úti í Klovharu-eyju fyrir ströndum Finnlands og skrifaði þar öll sumur. Með konunni sinni. Já, ástkonur, eyjar og blek.“ ¹⁵ Kvenhöfundar virðast því betri fyrirmyndir í þessum efnum þar sem því er einnig varpað fram að Anaís Nin „hafi frekar sóst eftir næði sem var hlaðið fjöri og minningum því hún virðist hafa sótt sinn kraft í samskiptin“. ¹⁶

Svokallaðar „eyjabókmenntir“ eru ekki bókmenntaverk eyþjóða heldur verk „sem fela í sér áherslu og útfærslu á eyjatilveru og eyjasýn á heiminn“. ¹⁷ Ástráður Eysteinnsson bendir á að eyjahugtakið hafi táknrænt gildi og sé sterklega tengt hugmyndum okkar um útópíu – og áhyggjum okkar af dystópískri framtíð. ¹⁸ Í heimi þar sem loftslagsbreytingar vofa yfir er ósjaldan gripið til vopna slíkra staðleysubókmennta og eyjahugtakið fær nýja vídd: „Hver eyja er lítill heimur og upplýsir okkur einnig um það að veröldin er takmörkuð – og nú vitum við að það á ekki aðeins við um veröldina sem við, hvert og eitt, kynnumst á æviskeiðinu, heldur um veröldina sem mannvistarstað.“ ¹⁹ Í þessari grein verður athyglinni beint að vistfemínisma og eyjum í *Undirferli* og *Jarðnæði* Oddnýjar Eirar og í tveimur verkum Tove Jansson. Markmiðið er annars vegar að rekja tiltekna þróun frá vistfemínisma áttunda og níunda áratugar síðustu aldar

¹⁴ Oddný Eir Ævarsdóttir, *Jarðnæði*, Reykjavík: Bjartur, 2011, bls. 40.

¹⁵ Sama heimild, bls. 32.

¹⁶ Sama heimild, bls. 40.

¹⁷ Ástráður Eysteinnsson, „Það sem hafsaugað sér. Eyjasigling Guðbergs Bergssonar“, *Heiman og beim. Sköpunarverk Guðbergs Bergssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2019, bls. 141–79, hér bls. 148.

¹⁸ Sama heimild, bls. 149 og 176. Menn benda gjarnan á að Útópía Thomasar Moore sé eyja.

¹⁹ Sama heimild, bls. 178.

til femínískrar vistrýni samtímans og hins vegar að draga fram mikilvægi femínískra áherslna í loftslagsumræðu 21. aldar, þar sem greining á skaðlegum valdakerfum liggur til grundvallar.

Gestur á eyjunni

*Eyjar eru staðir drauma og
martráða, útópía og dystópía.*²⁰

Hugtakið *náttúruskrif* (e. *nature writing*) hefur breiða merkingu og getur vísað bæði til skáldaðs og óskáldaðs texta þar sem náttúrunni er lýst, gjarnan á íhugandi hátt. Náttúruskrif eiga sér meðal annars rætur í hjarðljóðahefðinni þar sem hægt var að sjá skáld „samþætta hrifnæm náttúru-ljóð og harða gagnrýni“.²¹ En „það að átta sig á stöðu Thoreaus í fylkingarbrjósti náttúruskrifa hjálpar okkur að greina almennar útlínur hefðar – eða, öllu heldur, samræðu – sem er breið og opin“, samkvæmt Frank Stewart. „Þversagnakennd og tengslamiðuð leið Thoreaus til að sjá og skrifa, þar sem hann notar staðreyndir hins náttúrulega heims, eins og þær birtast honum, sem viðfangsefni, en endurreisir myndhverfa og jafnvel goðsögulega þýðingu þeirra“, hafi orðið fyrirmynd svokallaðra náttúruskrifa.²² Lawrence Buell vill reyndar frekar tala um „umhverfissinnaða texta“ og skilgreinir þá þannig að í slíkum textum sé hið ekki-mannlega umhverfi ekki aðeins til staðar sem rammi heldur sem nærvera sem gefur til kynna að mannleg saga sé hluti af sögu náttúrunnar; mannlegir hagsmunir séu ekki settir fram sem einu gildu hagsmunirnir; úr textanum megi lesa þá siðferðislegu afstöðu að maðurinn beri ábyrgð gagnvart umhverfi sínu; og lesa megi úr textanum tilfinningu fyrir umhverfinu sem ferli frekar en fasta.²³

Smásagan „Íkorninn“ eftir Tove Jansson, sem kom fyrst út árið 1971, er gott dæmi um glímu höfunda við þessa hefð náttúruskrifa er þeir takast

20 Robert Shannan Peckham, „Coasting“, *Beyond the Floating Islands*, ritstj. Stephanos Stephanides og Susan Bassnett, Bologna: Cotepra, University of Bologna, 2002, bls. 85–89, hér bls. 88.

21 Sveinn Yngvi Egilsson, „Hvers konar bókmenntaverk er Búnaðarbákkur eftir Eggert Ólafsson?“, *Vísindavefurinn*, 24. nóvember 2022.

22 Frank Stewart, *A Natural History of Nature Writing*, Washington, D.C.: Shearwater Books, 1995, bls. xxi og 13.

23 Lawrence Buell, *The Environmental Imagination. Thoreau, Nature Writing, and the Formation of American Culture*, Cambridge og London: The Belknap Press of Harvard University Press, 1995, bls. 7–8.

á við knýjandi spurningar samtímans um náttúruna. Sagan fjallar um samband eða sambandsleysi konu við íkorna sem rekur á land á eyju þar sem hún dvelur ein við skriftir. Stemningin á eyjunni minnir að mörgu leyti á dvöl Thoreaus í kofa sínum í bókinni *Walden*. Í ritgerðinni „Borgaraleg óhlýðni“, sem kom út árið 1849, fjallar Thoreau um mikilvægi þess að fylgja siðgæðisvitundinni frekar en óréttlátum stjórnvöldum. Það er stef sem Thoreau heldur áfram að fjalla um í *Walden*, en þar leggur hann meiri áherslu á mikilvægi þess að hafna óskræðum reglum samfélagsins, skadlegri hugmyndafræði og venjum; að varast að láta skaðandi samfélagsgerð móta sig. Thoreau segir frá tveggja ára og tveggja mánaða dvöl sinni við Walden-vatn í Nýja-Englandi, á árunum 1845 til 1847, þar sem hann gerði tilraun til að lifa sem einföldustu lífi, í návígi við náttúruna, og sanna þar með fyrir sjálfum sér og öðrum að nútímamaðurinn væri fangi eigin lífsgæða sem dæmði sjálfan sig til vinnuþrælkunar og andlegrar fábreytni í því skyni að öðlast veraldlegar eigur sem væru ekki aðeins fullkomlega ónauðsynlegar heldur beinlínis hamlandi fyrir þroska hans, frelsi og hamingju. Thoreau reyndi að einfalda líf sitt þannig að hann gæti eytt sem mestum tíma í hugleiðslu og andlega náttúruupplifun. Náttúran, og þá ekki síst sjálft Walden-vatn, gegnir því stóru hlutverki í bókinni. Hann lýsir vatninu oft í löngu máli, fegurð þess, lífríki og landfræði og notar það sem útgangspunkt til hugleiðinga um hjarta mannsins, hlutskipti hans og möguleika. Það er því ekki beint framvinda eða söguþráður í *Walden*, þótt árstíðunum sé fylgt, heldur er bókin eins og samansafn hugvekja um hinar ýmsu hliðar þessarar dvalar: praktíska hluti eins og húsakost og húshitun en einnig náttúruna sem hann upplifir, einveruna, hljóðin sem hann heyrir og dýrin sem hann býr í návígi við.

Hugmyndir Thoreaus um náttúruna, samband okkar við hana og ábyrgð okkar í því samhengi eru að mörgu leyti þær sömu og hafa verið að fá vaxandi byr undanfarna áratugi: að náttúran hafi gildi í sjálfu sér, það sé rangt að líta einungis á hana frá nytsemissjónarmiði, að við séum aðeins hluti af stærri heild náttúrunnar en hún ekki „þjónn“ okkar o.s.frv. Thoreau segir til dæmis að landslagið sjálft sé „það dýrmætasta sem bújörð gefur af sér“ og það séu skáldin sem átti sig því.²⁴ Hann vill í raun raska náttúrunni sem minnst og hann hneykslast á bóndanum sem myndi

24 David Henry Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, þýð. Elísabet Gunnarsdóttir og Hildur Hákonardóttir, Reykjavík: Dimma, 2017, bls. 93.

selja land á markaðstorgi.²⁵ Gyrðir Elíasson fullyrðir að „[s]tór hluti af því andófi gegn kapítalískri misbeitingu á lífríki alls hnattarins sem hefur farið vaxandi síðustu áratugina“ sé runninn frá orðræðu Thoreaus um líf sitt í skóginum: „Til dæmis hefði Rachel Carson og vistverndarstefna sú sem spratt út frá henni og bók hennar, *Raddir vorsins þagna*, á sjöunda áratug síðustu aldar, tæpast náð þeim hljómgrunni sem raun bar vitni nema af því að Walden hafði plægt jarðveginn ef svo má segja.“²⁶

Fræðimenn eru reyndar sammála um að Thoreau hafi sótt innblástur í menningu frumbyggja Norður-Ameríku.²⁷ Viðhorfum hans lýsir Richard F. Fleck svo: „Frummanneskjan (e. *the primal human being*) úr náttúrulegu umhverfi getur leitt hina „síðmenntuðu“ menn aftur til veruleika sem nú lúrir bara einhvers staðar í dulvitund hins nútímavædda huga, bældur niður af flóknum efnislegum hagsmunum iðnaðarsamfélagsins.“²⁸ Hér er vísað til gamalla hugmynda, sem urðu áberandi á 18. öld, um „göfuga villimanninn“ sem hverfandi fulltrúa fornra dygða og lífshátta sem nútímamaðurinn hefur glatað vegna firringar sinnar frá náttúrunni. Þessi upphafna ímynd einfaldar, afbakar og afskrifar hina raunverulegu menningu frumbyggja; hún staðsetur hana í frumstæðri fortíð á meðan staðreyndin er auðvitað sú að frumbyggjar Norður-Ameríku voru á tímum Thoreaus og eru enn að berjast fyrir rétti sínum og hagsmunum innan nútímasamfélags, og hafa meðal annars reynt að finna jafnvægi milli eigin menningarlegu hefða og hins allsráðandi kapítalisma.²⁹ Ljóst er að Thoreau nálgast menningu frumbyggja á sínum forsendum frekar en þeirra og notaði hana sem mótvægi gegn þeim kapítalísku gildum sem hann barðist gegn.³⁰

25 Sama heimild, bls. 220 og 223–24.

26 Gyrðir Elíasson, „Inngangsorð“, Henry David Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, bls. 7–9, hér bls. 8.

27 Sjá t.d. John J. Kucich, „Native America“, *Henry David Thoreau in Context*, ritstj. James S. Finley, Cambridge University Press, 2017, 19. kafli, bls. 196–204. Sjá einnig John J. Kucich, „Thoreau’s Indian Problem. Savagism, Indigeneity, and the Politics of Place“, *Thoreau in an Age of Crisis. Uses and Abuses of an American Icon*, ritstj. Kristen Case, Rochelle L. Johnson og Henrik Otterberg, Leiden: Brill, 2021, bls. 127–43.

28 Richard F. Fleck, *Henry Thoreau and John Muir. Among the Native Americans*, Hamden: Archon Books, 1985, bls. 127–43.

29 John J. Kucich, „Native America“.

30 Joy Harjo orðar það svo að Thoreau hafi verið uppteknari af „hugmyndinni“ um indjána en af ættbálkafólkinu sjálfu, í „Thoreau and the American Indians. A Review“, ritdómi um *Thoreau and the American Indians* eftir Robert Sayre, *Iowa Journal of Literary Studies*, 1/1978, bls 11–14, hér bls. 12.

Fyrir utan sjónarmið um náttúruvernd má í bókinni sjá hugmyndir um ræktun innri manns með eins konar núvitund og hugleiðslu í náttúrunni. Það gæti virst eins og Thoreau sé að þessu leyti langt á undan sínum samtíma en raunin er sú að hann vinnur með trúarheimspekilegar hugmyndir sem höfðu verið að gerjast um nokkurt skeið um miðbik 19. aldar og sem við erum enn að vinna með. Hann tengdist bandarísku hugsæisstefnunni, sem þróaðist í skrifum höfunda á borð við Ralph Waldo Emerson og Margaret Fuller, og sem Elísabet Gunnarsdóttir bendir á að hafi verið „samsett hugmyndakerfi undir áhrifum víða að, raunar svo víða að oft reynist næsta erfitt að koma hugmyndunum heim og saman“.³¹ Það sem sameini áhangendur hennar sé samt sem áður sú hugmynd „að innsæi eða ímynd-unaraflíð gæfi raunsannari mynd af innsta kjarna veruleikans heldur en rökræn hugsun [...]. Fyrir þeim var náttúran guð [...] og komast mátti í snertingu við guðdóminn með innsæi og fhugun“.³²

Þessar hugmyndir eiga sér greinilega fyrirmynd í kenningum skálda á borð við William Wordsworth og Samuel Taylor Coleridge, sem fyrir aldamótin 1800 og í nafni rómantísku stefnunnar unnu með þá hugmynd að ekki sé hægt að horfa á náttúruna án þess að velta fyrir sér guði, siðgæði eða innri manni. Líkt og þessi skáld sóttu forsprakkar bandarísku hugsæisstefnunnar í þýska hughyggju en líka til dæmis indverska og kínverska heimspeki og trúarrit. Frjálslynd trúarafstaða þeirra birtist meðal annars sem *perennialismi*, sú hugmynd að öll trúarbrögð heims og dulspeki byggist á sama grunni. Thoreau leggur í samræmi við það áherslu á að gera mismunandi trúarbrögðum jafn hátt undir höfði og finnur „köllun til einhvers æðra [...] til andlegs lífs, eins og flestir menn gera, en einnig til einhvers annars sem er einfaldara og frumstæðara“.³³ Ef til vill mætti segja að hann geri tilraun til að nálgast hið æðra og andlega með því að búa í, og sameinast, villtri náttúrunni.³⁴

Tilvísanir í slíkar hugmyndir má einnig sjá í sögu Jansson um íkornann. Thoreau sækir meðal annars í austræna lífsspeki og í sögu Jansson minna hversdagsritúöl konunnar í kofanum sínum einmitt á staðalímynd zen-munks sem notar hugleiðsluathafnir á borð við þá að sópa gólf.

31 Elísabet Gunnarsdóttir, „Henry David Thoreau“, Henry David Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, bls. 383–96, hér bls. 385.

32 Sama heimild, bls. 386.

33 Henry David Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, bls. 243.

34 Guðbjörg R. Jóhannesdóttir orðaði það þannig í útvarpsþættinum „Bók vikunnar“ á RÚV 17. desember 2017.

Hún byrjaði að sópa, vandvirk og róleg, hún naut þess að sópa. Þetta var kyrrlátur dagur án samræðna. Það var ekkert að verja eða til að ásaka um; allt hafði verið skorið burt, öll orð sem gætu hafa verið önnur orð eða gætu einfaldlega hafa ekki átt við hér og leitt til mikilla breytinga. Nú var aðeins hlýtt kot fullt af morgunbirtu, hún sjálf sem sópaði og vinalegt hljóðið í kraumandi kaffi. Herbergið með sínum fjórum gluggum var einfaldlega til og réttlætti sjálf sig; það var öruggt og að engu leyti staður þar sem maður hleypir einhverju inn eða útilokar eitthvað. Hún drakk kaffið sitt og hugsaði um ekkert, hvíldist.³⁵

Eins og fram hefur komið dvaldi Tove Jansson sjálf langdvölum á eyjum og sækir því hér í eigin reynsluheim. En eins og Susan Bassnett orðar það, þá er eyja einnig „kjörið viðfang fantasíu og godsagna“ og „þjóðtrúin morar af frásögnum af töfraeyjum“. Í árdaga kristninnar hafi „kristin samfélög sótt meðvitað í eyjar, í leit að beinna sambandi við guð með líkamlegri einangrun. Á öðrum tímum hafa eyjar verið taldar íverustaður ógnvænlegri afla“. Bassnett nefnir „fantasíur um mannætur og önnur eyðandi öfl sem talið var að lægju í felum í myrkviðum eyja“. Eyjar geti því „á þversagnakenndan hátt verið bæði öruggar hafnir og vettvangur mikilla umbrota“.³⁶ Þau verk sem hér eru til umfjöllunar bera þess merki á ýmsan hátt og hættuleg óveður sem ganga reglulega yfir eyjar í sögum Jansson eru aðeins ein birtingarmynd umbrotanna sem geta ógnað öryggi þeirra.

Eyjabúinn Tove Jansson er vitanlega meðvitað um mótsagnakennda eiginleika eyjunnar, hefur reynt þá á eigin skinni, og sýnir í írónísku ljósi það algenga bókmenntalega minni að eyjan sé „staður þar sem söguhetjan upplifir nýjan og endurnærandi upprunaleika (e. *authenticity*) og þarf að nota útsjónarsemi sína til að lifa af og endurmóta sig hetjulega í einangrun sinni“.³⁷ Um leið getur einangrun „verið nytsamlegt bragð fyrir skáldsagnahöfund til að skera burt allt það sem passar ekki snyrtilega inn í sögufléttuna“.³⁸ Líkt og herbergi konunnar í sögu Jansson verður skáld-

35 Tove Jansson, „Ekorren“, *Lyssnerskan. Noveller*, Helsinki: Schildts, 1971, bls. 148–75, hér bls. 151–52.

36 Susan Bassnett, „Beyond The Floating Islands“, *Beyond the Floating Islands*, bls. 5–9, hér bls. 6–8.

37 Robert Shannan Peckham, „Coasting“, bls. 85–86.

38 Sama heimild, bls. 87.

skaparsvið eyjunnar þannig staður þar sem ekkert vantar og engu er ofaukið. Og í fyrstu túlkar konan í sögunni komu íkornans einfaldlega sem verðlaun fyrir einangraðan og fábrotinn lífsstíl sinn: „Hann kom eins og til að verðlauna hana fyrir að hafa haldið ró sinni og skorið allt annað burt úr lífi sínu.“³⁹ Ef til vill lítur konan á íkornann sem tákni um að hún sé komin í samband við áðurnefndan kjarna, eitthvað upprunalegt; það villta sem Thoreau sóttist eftir. Enda finnst henni mikilvægast að hann verði ekki taminn; hann megi ekki borða úr hönd hennar, koma inn í kofann eða svara kalli.

Þau myndu hvort um sig lifa sínu lífi og aðeins fylgjast með hvort öðru og viðurkenna hvort annað, vera umburðarlynd og virða hvort annað, og að öðru leyti sinna sínu, fullkomlega frjáls og sjálfstæð.⁴⁰

Konan ímyndar sér að samlíf hennar og íkornans á eyjunni muni einkennast af gagnkvæmri virðingu og frásögnin verður um tíma eins og dæmisaga um fyrirmyndarsamlífi manna og náttúru. Íkorninn og konan venjast hvort öðru og þróa milli sín ákveðnar daglegar venjur. Það verður þó allan tímann óljóst hvaða augum íkorninn lítur samlífið, við fáum aðeins sjónarhorn konunnar sem nýtir sér veru íkornans á ýmsan hátt. Hún býr til eigin ritúöl í kringum hann: situr grafkyrr langtímum saman og horfir á hann og hvílir hugann á meðan. Hún skrifar einnig um íkornann, bæði ímyndaða hluti og eitthvað sem hún hefur tekið eftir, og finnur samlíkingar með sér og honum. Stöku sinnum skrifar hún meira að segja andstyggilega hluti um íkornann, móðgandi ásakanir sem hún sér eftir síðar og strikar yfir. Tilraunir hennar til að ná tengingu eða bara jákvæðu samlífi við þessa óútreiknanlegu veru, með þankagang sem henni er óskiljanlegur, verða heldur kátbrostlegar. Í raun raskar íkorninn rónni, truflar hversdagsritúölin og eyðileggur innri frið hennar. Þessi „verðlaun“ verða þannig hálfgerð hermdargjöf náttúrunnar.

Í eyjafraedum er lögð áhersla á að eyjar séu ekki í raun og veru einangraðar heldur einkennist þvert á móti af ferðalögum, gestakomum og mikilli meðvitund um nauðsynlegt samband okkar við umheiminn. Jansson gerir sér einmitt mat úr því að rjúfa um stund hina ídealiseruðu, lokuðu

39 Tove Jansson, „Ekorren“, bls. 154.

40 Sama heimild, bls. 157–58.

einingu eyjarinnar í sögunni og hún sýnir sögurnar sem við segjum sjálfum okkur um náttúruna og hlutverk okkar gagnvart henni fyrst og fremst í írónísku ljósi. Þegar konan áttar sig á að íkorninn hefur búið um sig í eldiviðarhlaðanum hennar dregur nefnilega til tíðinda og vandamálin við samlífið hlaðast upp. Hún óttast að hafa raskað heimili hans þegar hún náði sér í eldivið og jafnvel þótt hún ákveði í framhaldinu að deila eldiviðarstaflanum í tvennt, flytja helminginn upp að kofanum sínum og gefa honum eftir hinn helminginn, þá rennur sá ógnvænlegi sannleikur upp fyrir henni að allt sem hún gerir – eða gerir ekki – hefur afleiðingar fyrir íkornann og ógnar honum jafnvel, þrátt fyrir hinn besta ásetning.

[...] og litlar áhyggjur læddust að henni. Kannski bjó íkorninn ekki undir viðarstaflanum heldur í honum miðjum þar sem ekki var raki. Hún hafði brugðist rangt við. Í hvert skipti sem viðarbút var lyft, gæti einmitt sá bútur verið þakið á heimili íkornans. Hver hreyfing gat truflað og eyðilagt.⁴¹

Konan fær hér óþyrmilega að kenna á því að öll inngríp mannsins til að reyna að stjórna náttúrunni eða vernda hana geta haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar, sama hversu góður ásetningur liggur þar að baki. Enda reynist hún ófær um að skilja hvort íkorninn líti á hana sem óvin eða sem eitthvað sem skiptir engu máli og hvort aðgerðir hennar hafi einhver áhrif á líf hans eða viðhorf hans til hennar. Á endanum galopnar hún húsið sitt, fer í langan göngutúr og þegar hún kemur til baka situr íkorninn á borðinu.

Líkt og Thoreau gerði í *Walden* hefur konan á eyjunni boðið villtri náttúrunni inn í kofann sinn. En stemningin er allt önnur en í kofanum hjá Thoreau sem lýsir því hvernig fugl sest að hjá honum, héri hreiðrar um tíma um sig undir gólfjölnum og inn kemur mús, sem reyndar hreyfir sig „eins og íkorni“, og sem einn daginn

[...] hljóp upp eftir fötunum mínum og eftir erminni og hring eftir hring um blaðið sem maturinn minn var á, en ég hélt því samankuðluðu, kippti því undan og fór í klukk við

41 Sama heimild, bls. 163.

hana og að lokum rétti ég fram ostbita með þumal- og vísi-fingri og þá kom hún og nartaði í hann, sat í lófa mér og á eftir hreinsaði hún framan úr sér og framfætturna, eins og fluga, og gekk svo burt.⁴²

Þessi sena með íkornalegu músinni minnir reyndar á ljósmynd af Tove Jansson með íkorna í annarri hendi. Sú mynd birtist með enskri þýðingu á sögunni hennar⁴³ og er í nógu sterkri mótsögn við smásöguna sjálfa til að kynda undir írónískum undirtóni hennar og þeirri tilfinningu að hún fjalli ekki síst um sögunnar sem við segjum af sambandi okkar við náttúruna. Sögur Thoreaus af samskiptum sínum við dýrin endurspeglar til dæmis mannhverft viðhorf.⁴⁴ Hann rannsakar dýrin með sjónarhorni að ofan, eins og vísindamaður – eða lítill guð, þar sem hann setur maura í baráttu upp á líf og dauða „undir glas á gluggasýllunni“ og beinir að þeim „smásjánni“.⁴⁵ Sú hugmynd hans að músin sem heimsækir hann sé af villtu innfæddu kyni „sem ekki er til í þorpinu“⁴⁶ gefur til kynna að hér megi finna hliðstæðu við það hvernig hann nálgast menningu frumbyggja. Jafnvel þótt hann sækir í að komast í nánd við dýrin í kringum sig og hiki æ meir við að veiða þau og leggja þau sér til munns manngerir hann hugann að baki athöfnum þeirra til að gera þær áhugaverðar og tengir þær sínum reynsluheimi. Maurastríðið vekur til dæmis hjá honum spennu og sálarkvalir þegar hann hugsar um maurana „eins og þeir væru mennskir“.⁴⁷ Tónninn í skrifum Jansson er hins vegar annar en Thoreaus; hann er predikandi, hefur boðskap fram að færa, en hennar texti er sjálfs-hæðinn og niðurstaðan langt frá því að vera andleg uppljómun. Raunsæ á mannlegt eðli viðurkennir hún hina mannhverfu heimssýn sem einkennir viðhorf okkar gagnvart náttúrunni – og skáldskapnum – og hversu ófull-

42 Henry David Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, bls. 262.

43 Tove Jansson, „The Squirrel“, *A Winter Book*, London: Sort of Books, 2006.

44 Gunnar Kristjánsson rekur hvernig bandaríska hugsæisstefnan sækir meðal annars í hugmyndir Williams Ellery Channing (1780–1842), sem „trúir á manneðlið, mikilleik þess megnar enginn að mæla“, í bókinni *Úr þugarbeimi séra Matthíasar*, bls. 100–01. Vexti mannsins má engin takmörk setja, segir Channing, og það er gáfan „til að skilja sjálfan sig, sem aðgreinir oss frá dýrunum, sem engin deili sýna til þess, að þau horfi inn á við“. William Ellery Channing, „Sjálfsmenntun“, þýð. Matthías Jochumsson, *Tímarit hins íslenska bókmenntafjelags*, 1–2/1886, bls. 109 og 112.

45 Henry David Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, bls. 266.

46 Sama heimild, bls. 262.

47 Sama heimild, bls. 265 og 267.

komin sú sýn er. Í sögu Jansson hleypur íkorninn ekki upp eftir fötum hennar né fer í klukk við hana heldur verður hræddur og brýtur síðustu dýrmætu vínflöskuna hennar. Þegar hún í kjölfarið teygir höndina til hans bítur hann hana og hleypur burt.

Hún æpti upp yfir sig og hélt áfram að æpa af reiði í tómu herberginu, hún brólti yfir glerbrotin og út á hæðina, þar sem hún stóð og öskraði að íkornanum. Aldrei hafði nokkur brugðist trausti hennar eða misnotað sér samkomulag á sama hátt og íkorninn hafði gert. Hún var ekki viss hvort hún hafði rétt höndina að dýrinu til að strjúka því eða kyrkja það. Það kom í sama stað niður, hún hafði rétt fram höndina.⁴⁸

Yfirlýsingin um að það skipti ekki máli hvort konan hafi ætlað að strjúka dýrinu eða kyrkja það rímar við róttækar hugmyndir sem voru að gerjast í sambandi við umhverfis- og dýravernd á þessum tíma. Vaxandi umhverfisverndarhreyfing beindi athyglinni að því hversu háð mannkynið er náttúrunni í kringum okkur, þótt það teldi sig herra náttúrunnar. Áhersla var lögð á mikilvægi þess fyrir lífsskilyrði og afkomumöguleika okkar að viðhalda viðkvæmu jafnvægi vistkerfisins og jafnframt á ábyrgð okkar – og sekt – gagnvart öðrum lífverum í þeim efnunum. Í dýrasiðfræðinni voru hræringar í gangi og rúmum áratug eftir að „Íkorninn“ var skrifaður gaf Yi-Fu Tuan út umdeilda bók þar sem hann benti á að á sama hátt og húsdýr sem ræktuð væru til manneldis gegndu gæludýr í grunninn því hlutverki að þjóna okkur og væru „að vissu leyti alltaf í hlutverki þrælsins“.⁴⁹

Konan í sögu Jansson lætur einmitt undan þeirri freistingu að vilja nota dýrið til að svala sínum þörfum og löngunum, sem í þessu tilviki eru í senn þörf fyrir nánd og þörf fyrir að drottna yfir, jafnvel drepa *Hinn* (e. *the other*) á eyjunni. Í bókinni *Hitt kynið* frá 1949 útskýrir Simone de Beauvoir kenningar um að sjálfsveran ákvarði „sjálfa sig einvörðungu í

48 Tove Jansson, „Ekorren“, bls. 169–70.

49 Gunnar Theodór Eggertsson, „Dýrlegar nautnir. Nokkrar hugleiðingar um dýrahneigð og dýrasklám“, *Ritid*, 2/2016, bls. 55–76, hér bls. 63. Gunnar Theodór vísar m.a. í Yi-Fu Tuan, *Dominance and Affection. The Making of Pets*, New Haven: Yale University Press, 1984.

andstöðu við eitthvað annað“,⁵⁰ það er að til að skilgreina okkur sem sjálfsverur þurfum við *Hinn*; óæðri andstæðu okkar. Samfélagskerfið okkar er nefnilega ekki aðeins kerfi andstæðupara, heldur kerfi þar sem annar hluti parsins er ætíð undirskipaður hinum. Hið karllega er yfirskipað hinu kvenlega, siðmenningin er yfirskipuð náttúrunni, hið mannlega hinu dýrslega. Rannsókn Beauvoir nær einungis til mannfólks, þar sem karlinn er viðmiðið og konan, andstæða hans, „hreinn og tær annarleiki“.⁵¹ Í skáldsögunni *Dýralíf* (1999) lætur J. M. Coetzee hins vegar sögupersónu sína, dýraverndarsinnann Elísabetu Costello, benda á að við skilgreinum einnig dýr sem hreinan og tæran annarleika, „framandi lífsform“, og telur að það sé vegna þess að við neitum að finna til samkenndar með þeim, neitum að beina samúðarfullu ímyndunarafli að þeim, fremur en vegna þess að við séum ófær um það.⁵² Sem mannkyn þörfnumst við þess að aðgreina okkur frá öðrum dýrum; til að staðfesta yfirburði okkar og um leið réttlæta meðferð okkar á þeim. Við teljum yfirburði okkar fela í sér að við getum nýtt okkur dýrin á þann hátt sem hentar hverju sinni – einnig í skáldskap. Konan á eyjunni hefur gert einmitt það; notað íkornann sem sjónrænt viðfang til afþreyingar og hvíldar en ekki síst sem viðfangs efni skrifa þar sem hún reynir meðal annars að finna samlíkingar með sér og honum. Í *Dýralífi* segir Elísabet Costello „ljóðræn átök af þessari gerð“ sérstök að því leyti „að engu máli skiptir hversu máttug þau eru því viðfanginu stendur fullkomlega á sama um þau. Að þessu leyti eru þau ólík ástarljóðum þar sem ætlunin er að hreyfa við viðfanginu.“⁵³

Hér er ef til vill komin skýringin á því hvers vegna konan á eyinni bregst svo illa við „svikum“ íkornans; þótt hún haldi áfram að gefa honum þá hættir hún að taka tillit til hans, reynir reyndar að trufla hann sem mest með því að hlaupa stundum æpandi um eyjuna og brennir allt sem hún hefur skrifað um hann. Hún hafði væntingar um annað og meira. En um leið og hún féll í þá freistni að reyna að tengjast íkornanum á forsendum æðri hluta andstæðuparsins maður/dýr – með klappi, kyrkingu

50 Simone de Beauvoir, „*Hitt kynið*“. Inngangur“, þýð. Torfi H. Tulinius, *Simone de Beauvoir. Heimsþekkingur. Ritböfundur. Femínisti*, ritstj. Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, Reykjavík: Rannsóknastofa í kvennafræðum og Háskólaútgáfan, 1999, bls. 25–46, hér bls. 30.

51 Sama heimild, sami staður.

52 J. M. Coetzee, *Dýralíf*, þýð. Gunnar Sigvaldason og Katrín Jakobsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2020, bls. 66–72.

53 Sama heimild, bls. 95–96.

eða skrifum – hverfur gagnkvæmnin sem hún sóttist eftir og skeytingarleysi verður eina mögulega svarið. „Dýr geta aðeins boðið okkur birginn með þögn sinni,“ bendir sögupersóna Coetzee á, því „þegar við umbreytum tilfinningunum sem flæða á milli manns sjálfs og dýrsins í orð, tökum við þær frá dýrinu að fullu og öllu“. Skáldskapur er staðsettur „innan mannlegs skipulags sem dýrið á enga hlutdeild í“. ⁵⁴ Það er því ekki að furða að konan finnur mikinn létti þegar íkornann rekur á endanum aftur burt, á eina bát eyjunnar þannig að nú hefur hún enga tengingu við umheiminn.

Allar ákvarðanir höfðu verið teknar frá henni. Hún þurfti ekki lengur að hata íkornann eða hafa áhyggjur af honum. Hún þurfti ekki að skrifa neitt um íkornann, ekki að skrifa um neitt, allt hafði verið ákveðið og leyst á hinn einfaldasta hátt. ⁵⁵

Lausnin felst sem sagt í hvarfi íkornans af eyjunni, úr smásögunni og úr skrifum konunnar. Í ró og næði snýr konan sér að því, í hinni fullkomlega einangruðu einingu eyjarinnar, að skrifa sögu af því þegar *manneskju* rekur upp á eyjuna til hennar. Ef til vill ætlar hún að endurrita þessa óviðráðanlegu reynslu af ómögulegum samskiptum við óskiljanlegan *Hinn* sem viðráðanlega reynslu sem passar snyrtilega inn í einangraða, manngerða og mannhverfa skáldskapareiningu. Eins og Elísabet Costello segir í *Dýralífi* er algengt að í skáldskap standi „dýr fyrir mannlega eiginleika“ en andspænis því stillir Elísabet upp skáldskap (nánar tiltekið „Jagúar“ Ted Hughes frá 1957) sem „er ekki um dýrið heldur skrasetur hann hvernig tekist er á við dýrið“. ⁵⁶ Með því að ljúka smásögunni á þeirri áminningu að sögur sem við segjum af dýrum eru í raun um okkur sjálf, það er alveg jafn mannhverfar og annar skáldskapur, staðsetur Tove Jansson skrif söguhetju sinnar, konunnar á eyjunni, í fyrri flokk Elísabetar Costello en sína eigin smásögu í þeim síðari.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 57 og 96.

⁵⁵ Tove Jansson, „Ekorren“, bls. 175.

⁵⁶ J. M. Coetzee, *Dýralíf*, bls. 94 og 95.

„hún hafði fullar gætur á örlögum og allri eyjunni“

Ári eftir að „Íkorninn“ kom út gaf Jansson út *Sumarbókina*. Hún inniheldur marga stutta kafla sem hver og einn gæti staðið sem sjálfstæð örsaga og fjallar um sumardvöl ungu stúlkunnar Soffíu og ömmu hennar á eyju í finnska skerjagarðinum. Þar er meðal annars sagt frá kettinum Mappa sem minnir að ýmsu leyti á íkornann úr smásögunni sem var lýst hér að framan. Sá köttur er hreint ómögulegur: hann fer sínar eigin leiðir, er sjálfstæður og blóðþyrstur, hefur engan áhuga á kúri og klappi, vill bara sofa og éta, og því meira sem hann er dekstraður því villtari verður hann. En þótt barnið Soffía fyllist örvæntingu og skipti jafnvel um stund á honum og gæfari ketti þá áttar hún sig á því að Mappi er þrátt fyrir allt sá sem hún elskar og vill fá hann til baka. Hún veit að sambýlið verður áfram „ömurlegt“ en gæfi og lati kötturinn er bara ekki „eins og köttur“.⁵⁷ Aftur fjallar Tove því um hvað það raunverulega þýðir að bera virðingu fyrir villtri náttúru og lifa í sambýli við hana en í *Sumarbókinni* kveður hins vegar við femínískan tón sem ekki liggur á yfirborðinu í „Íkornanum“. Pabbi Soffíu er líka á eyjunni en í sögunum er hann yfirleitt fjarverandi: sofandi, á veiðum, í bæjarferð eða upptekinn við vinnu. Hann reynir þó að passa upp á gamalmennið og óvitann, en verður fyrir vikið fulltrúi feðraveldisins sem setur alls konar reglur sem verður nauðsynlegt að brjóta ef maður vill fá eitthvað út úr lífinu og vera sjálfstæð manneskja. Þess vegna gerist allt sem er áhugavert þegar hann sér ekki til.

Annað femínískt einkenni á bókinni er að athygli er beint að ólíkum viðhorfum kynjanna til náttúrunnar og umgengni við hana. Amman á í sérstöku sambandi við náttúruna á litlu eyjunni þar sem sögurnar gerast: hún gætir hennar, án þess að vilja herja á hana, stýra henni eða raska um of. Hún bendir dótturdóttur sinni á að smáeyjar sjái um sig sjálfar en hún gengur samt á hverjum degi eftir ströndinni og fylgist með jurtnum koma upp og „[e]f hún gekk fram á uppsparkaðan mosa þjappaði hún honum aftur í sitt rétta horf“.⁵⁸

Amman var ekki alltaf fullkomlega rökvís. Þótt hún vissi að það þyrfti ekki að hafa slæma samvisku út af smáeyjum sem

57 Tove Jansson, *Sumarbókin*, þýð. Ísak Harðarson, Reykjavík: Mál og menning, 2020, bls. 58.

58 Sama heimild, bls. 103.

sjá um sig sjálfar þá fylltist hún alltaf áhyggjum í þurrviðra-köflum. Þegar rökkva tók gerði hún sér ferð út í kjarrið þar sem hún geymdi kirnu undir elritrénu og jós upp botn- vatninu með kaffibolla. Þannig gekk hún um og skvetti vatni hér og þar sem henni þótti mikilvægast og kom svo kirnunni aftur fyrir á sínum stað.⁵⁹

Amman fylgir þannig einhverjum lögmálum öðrum en „rökvísi“ þar sem hún hlúir að eyjunni svo lítið ber á. Pabbinn virðist hins vegar fyrst og fremst vilja nýta náttúruna – til veiða til dæmis – og stýra henni. Hér eru komnir inn þættir sem hægt væri að túlka sem vistfemíníska. Það beinir aftur athyglinni að því inn í hvaða umhverfisorðræðu Tove Jansson skrifaði árið 1972.

Tíu árum fyrr hafði Rachel Carson sent frá sér bókina *Silent Spring* (1962) sem var þýdd á sænsku árið 1963 og íslensku árið 1965 undir titlinum *Raddir vorsins þagna*. Sú bók gaf að mörgu leyti tóninn fyrir umhverfisverndarbaráttu okkar samtíma og leiddi til „táknlegrar stöðu [Carson] sem móður nútímaumhverfisverndar“.⁶⁰ Í bókinni fjallar Carson um skaðleg áhrif taumlausrar notkunar skordýraeitursins DDT og annarra eiturfna á lífríki og manneskjur en hún notar skáldleg tilþrif sem setja þetta einstaka dæmi í stærra samhengi. Sögð er saga af fólki sem bjó eitt sinn í samlyndi við náttúruna en spillti svo sjálft þeirri náttúru og eyðilagði þannig eigið líf og lífsskilyrði með andvaraleysi og yfirlæti. Myndmál bókarinnar felur í sér vísanir í kjarnorkuvána sem grúfði yfir heimsbyggðinni. Carson lýsir því til dæmis hvernig hvítt duft fellur „eins og snjór á þök og grasbletti, akra og ár“ og talar um „látlaust kapphlaup um það að framleiða æ sterkari eiturfni“ þar sem „kemisk efni“ fari „eyðandi eldi um allt lífandi“ og geti, „eins og geislun, valdið brigðum í erfðastofnum frumanna“.⁶¹ *Raddir vorsins þagna* náði þannig til lesenda sem voru þegar uggandi yfir hinni nýju veröld eiturfna og kjarnorku, eins og Michael B. Smith hefur bent á.⁶² Öll heimsbyggðin hafði reyndar

59 Sama heimild, sami staður.

60 Guðni Elísson, „Og syngur enginn fugl“. Herraðurinn gegn Rachel Carson“, *Tímarit Máls og menningar*, 3/2011, bls. 24–39, hér bls. 28.

61 Rachel Carson, *Raddir vorsins þagna*, þýð. Gísli Ólafsson, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1965, bls. 16 og 20.

62 Michael B. Smith, „‘Silence, Miss Carson!’ Science, Gender and the Reception of *Silent Spring*“, *Feminist Studies*, 3/2001, bls. 733–52, hér bls. 733.

lengi haft áhyggjur, ekki síst Tove Jansson. Hún óf á svipaðan hátt kjarnorkusprengrmyndmál inn í texta og teikningar í barnasöggunni *Halastjarnan* sem fjallar um múmínálfana og heimsendi. Sú bók kom fyrst út í skugga seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1946 en í endurskoðaðri útgáfu Jansson árið 1968 og í íslenskri þýðingu 1971.

Hugmyndafræðin sem *Raddir vorsins þagna* boðar sem viðbragð við þessum ógnvöldum vísar að mati Michaels Smith fram til pólitískra áherslna vistfemínisma auk þess sem Carson varð hvatamaður umhverfshreyfingar sem hefur að miklu leyti verið knúin áfram af konum. Sjöundi og áttundi áratugur síðustu aldar var tími mikillar gerjunar vistfemínískrar hugmyndafræði en flestir eru sammála um að hún verði ekki til sem stefna fyrr en um miðjan áttunda áratuginn. Þó að það væri þannig tímaskekkja að nota þennan merkimiða á bók Carson telur Michael Smith að „með notkun myndlíkinga um jafnvægi náttúrunnar hafi hún mótað sýn sem samrýmist vel heimspeki vistfemínismans sem byrjaði að þróast um áratug eftir að *Raddir vorsins þagnar* kom út“.⁶³

Hún leit á heiminn sem lífrænt kerfi, lifandi heild og taldi að nýting mannsins á því þyrfti að vera hin fínasta jafnvægislist, nánast blíðleg, ef svo má að orði komast. [...] Lífrænt líkan hennar af tengslum manna og náttúru fól í sér skilning á náttúrunni sem lifandi, kvenlegri og lífrænni heild sem þyrfti sérstaka tegund umsjónar, umsjónar sem krefðist fullkominnar gagnvirkni í víxlverkun manna og náttúru.⁶⁴

Smith vísar í Carolyn Merchant sem árið 1980 sagði það stærsta vandamál vísindabyltingarinnar að náttúran hefði verið hlutgerð og endurskilgreind sem vél samsett af stýranlegum hlutum. Náttúran væri áfram kvengerð en í stað þess að vísa til nærandi móður náttúru hafi karlvísindamenn fremur talað um náttúruna eins og hlutgerðan kvenmann sem þeir gætu ríkt yfir og nýtt sér.⁶⁵ Þabbinn í *Sumarbókinni* fylgir einmitt því kynjahlutverki sínu að ríkja yfir náttúrunni og hefur mikinn áhuga á að stýra henni vís-

63 Sama heimild, bls. 734.

64 Sama heimild, bls. 735.

65 Carolyn Merchant, *The Death of Nature. Women, Ecology, and the Scientific Revolution*, San Francisco: Harper and Row, 1990 [1. útg. 1980], bls. 171, 188–90, 193 o.v.

indalega. Hann pantar blóm og tré frá Hollandi, plantar þeim og les sér til um að þau séu „bæði viðkvæm og heimtufrek og þurfi] vísindalega meðhöndlun og mikla umhyggju“.⁶⁶ Þegar pabbinn gengur alla leið í tilraunum sínum til að endurskipuleggja náttúru eyjarinnar og hreinsar upp rýran jarðveginn til að fylla upp í með aðkeyptri dökkri gæðamold, byggir skjólveggi og stíflu, veit amman að það þýðir ekki að viðra óánægju sína heldur fylgist þolinmóð með atinu, sem verður sífellt skoplegra.

Um alla eyjuna lá net af plastslöngum sem var þegar hálf-sokkið í mosann. Slöngurnar voru skeyttar saman með skrúfgöngum úr málmí og áttu upptök sín í lítilli dælu í kassa hjá stærstu regnvatnstunnunni. Yfir tunnunni var stór plasthlíf sem kom í veg fyrir að vatnið gufaði upp, allt var þetta mjög kænlega úthugað. Tvisvar í viku setti pabbinn dæluna í gang og brúnt volgt vatn rann um slöngurnar og út um vatnsdreifarana og sprautaðist yfir jörðina í fínlegum taumum eða öflugum gusum, allt eftir tegund og þörf jurtanna.⁶⁷

Það er einnig pabbinn sem setur reglur fyrir móður sína og dóttur á eyjunni, þótt það sé reyndar allt eins líklegt að þær brjóti gegn þeim um leið og hann lítur undan, og það er í samræmi við kenningar Carolyn Merchant sem sér hliðstæðu milli þess að taka sér það vald að ríkja yfir náttúrunni og að ríkja yfir konum í samfélaginu.⁶⁸

Emma Lezberg segir að Rachel Carson hafi breytt því hvernig fólk leit á samband manna við náttúruna þegar hún tengdi skadleg áhrif umhverfisspjalla við samfélagslegt óréttlæti.⁶⁹ Um miðbik tuttugustu aldar var því að skapast jarðvegur fyrir það vistfemíníska viðhorf að karlveldið hafi skaðað bæði jadarsetta hópa og umhverfið og að það þurfi umhyggju kvenna til að græða rofið milli manna og náttúru, eins og Michael Smith bendir á:

66 Tove Jansson, *Sumarbókin*, bls. 104.

67 Sama heimild, bls. 108.

68 Carolyn Merchant, *The Death of Nature*, bls. xix–xx.

69 Emma Lezberg, „The Not-So-Hidden Meanings of Silent Spring“, *Philosophy for the Many*, haust/2016. Um tengsl kynþátta- og stéttamismununar og aukinnar hættu á skadlegum áhrifum vegna umhverfisspjalla og mengunar sjá Robert Bullard, *Dumping in Dixie. Race, Class, and Environmental Quality*, Boulder: Westview Press, 1990.

Þetta er einmitt sú afstaða sem vistfemínistar hafa markað sér [...] að „glötuð veröld“, þar sem meiri gagnkvæmni var milli manna og náttúru og kvenna og karla, hefði vikið fyrir margs konar yfirráðum karla og karllægra vísinda, og það þýddi að konur og náttúra hefðu þjást í sameiningu. Með því að halda því fram að konur væru í eðli sínu tengdari hinum náttúrulega heimi [...] hafa vistfemínistar fært rök fyrir því að konur gegni lykilhúverki í því verkefni að koma meiri gagnkvæmni á að nýju.⁷⁰

Amman í *Sumarbókinni* fellur að mörgu leyti vel að þessari vistfemínísku hugmynd um kvenlega náttúruvísu. Í kæruleysi segir hún dótturdóttur sinni Soffíu frá hjátrú sinnar eigin ömmu og stelpa tekur áköf við hinni nýju heimsmynd sem opnast með alls konar hjátrú, andstæðu karllegra vísinda enda eru karlarnir í fjölskyldunni *ekki* hjátrúarfullir. Þar sem hún er sannfærð um að það geti einmitt orðið pabbanum að fjörtjóni að fylgja ekki alls konar fornum og dularfullum reglum fær Soffía ömmuna til að koma með sér og safna jurtum í seyði til að bjarga málum. Lýsingin á þeirri gönguferð, þar sem amman rennur í raun saman við náttúru eyjarinnar, og teikning Tove Jansson sem fylgir með, undirstrika tengsl ömmunnar við náttúruöflin; gróðurinn, sjóinn og fuglana:

Tunglskinið endurvarpaðist af hattinum hennar og herðunum og hún hafði fullar gætur á örlögunum og allri eyjunni. Það lék ekki hinn minnsti vafi á að amman myndi finna hvaðeina sem þörf var á til að afstýra ógæfu og dauða.⁷¹

Tove Jansson leikur sér því með hugmyndir um tengsl kvenna, náttúru og náttúruafla sem vísindin ná ekki að skýra, tengingar sem áttu eftir að verða mikilvægar í vistfemínismanum ásamt hugmyndum um náttúru-gyðjur. Amman hefur til dæmis lúmskt gaman af hamaganginum í pabbanum en í ágúst, þegar fjölskyldan undirbýr brottför af eyjunni, er hún ánægð með að „[á] þessum árstíma hurfu öll spor og ummerki og eyjan

70 Michael B. Smith, „Silence, Miss Carson!“, bls. 735–36.

71 Tove Jansson, *Sumarbókin*, bls. 153.

„Ástkonur, eyjar og blek“

færðist aftur nokkurn veginn í sitt upprunalega horf⁷². Í samræmi við umönnunarhlutverk sitt leggur amman sitt af mörkum við að fjarlægja „allt sem var frá mönnum komið“.

Hún tindi upp nagla og pappírssnifsi og tuskuræfla og plast, olíumengaðar spýtur og dósalok. Hún fór niður í fjöruna og kveikti bál og brenndi það sem þurfti að brenna og fann allan tímann að eyjan varð hreinni og hreinni og stöðugt ókunnari og afskekktari. Hún hristir okkur af sér, hugsaði hún: Brátt verður hún óbyggð. Næstum því.⁷³

Þessi hugmynd um að mennirnir séu eins og óværa sem náttúran gæti og ætti jafnvel að hrista af sér hefur ítrekað skotið upp kollinum í umhverfis-verndarorðræðunni undanfarna áratugi og Gyrðir Elíasson tekur hana meðal annars upp í ljóðinu „Hreinsun“:

Einhverntíma kemur
að því að plánetan fær nóg,
tekur á sig snöggan rykk
á ofurhröðum snúningi sínum
og þeytir öllum þessum 7 milljörðum
ásamt því sem tilheyrir út í myrkan
geiminn, svona rétt eins og þegar
dýr hristir af sér óværu. Svo
byrjar hún í rólegheitum
upp á nýtt að safna
lífi⁷⁴

Þetta leiðir okkur að því að áherslur vistfemínismans hafa kannski aldrei verið mikilvægari. Yfirvofandi loftslagshamfarir krefjast þess að við lítum til hins stærra sambendis – vandinn er hnattrænn en ekki staðbundinn – og mögulegar lausnir verða að ná til allra þátta tilveru okkar. Sjónarhorn vistfemínismans dregur einmitt fram í dagsljósið hvernig kúgunarkerfi,

72 Sama heimild, bls. 155.

73 Sama heimild, bls. 155–56.

74 Gyrðir Elíasson, *Hér vex enginn strónuviður*, Akranes: Uppheimar, 2012, bls. 65.

svo sem kynþáttahyggi, kynjamismunun og eyðilegging umhverfisins, eru samofin og styðja hvert annað. Vistfemínismi einblínir nefnilega ekki á tengsl kvenna og náttúru heldur felur hann í sér ítarlega gagnrýni á valdakerfi sem ógna náttúru og vistkerfi jafnt sem jaðarsettum og undirskipuðum hópum.

Líffræðilegur og skáldlegur fjölbreytileiki

Vistfemínisminn var í mótun þegar Tove Jansson samdi *Sumarbókina* og sögurnar endurspeglar að mörgu leyti þann tíðaranda. Eins og áður sagði á amman í sérstöku sambandi við náttúruna: Hún hefur gætur á henni. En sögumaður textans er meðvitaður um að þetta hlutverk er ekki án íróniú: við fáum að vita að amman er ekki alltaf fullkomlega rökvís í þeirri viðleitni sinni að vernda náttúruna eða láta hana í friði og stelpa og amman eru ekki lausar við áhuga á traktorum, nýjum vegum og öðrum spennandi framförum. Á sama hátt og *Raddir vorsins þagna* vísar fram til vistfemínisma vísar írónsk sýn Jansson á konur jafnt sem karla fram til gagnrýnna viðhorfa til vistfemínískra hugmynda. Val Plumwood hefur til dæmis bent á augljósa ókosti þess að upphæfja kvenlega eiginleika og samband kvenna og náttúru sem andsvar við karllægum yfirgangi í formi náttúru-spjalla. Það viðhaldi upphöfnum hugmyndum um að konur hafi sérstaka hæfileika til umönnunar, hluttekningar, samvinnu og „nálægðar við náttúruna“, ólíkt karlmönnum. Þessir hæfileikar réttlæti sérstaka stöðu kvenna – sem reynist alltaf staða hins undirgefna. „Í stað „engilsins í húsinu“ (e. *angel in the house*) komi þannig „engillinn í vistkerfinu“.⁷⁵ Slíkur einfaldur viðsnúningur á andstæðupörum feðraveldisins geti því haft í för með sér bakslag, til dæmis styrkt hefðbundna eðlishyggju sem auðvelt sé þá að nota áfram til að réttlæta ýmsa mismunun á grundvelli kyns.

Andspænis yfirvofandi hamfarahlýnun af mannavöldum, krísu sem kallar á breiða yfirsýn og viðurkenningu á samhengi og gagnvirkni ólíkra þátta innan vistkerfis jarðar, má þó nýta sjónarhorn femínískrar vistrýni (e. *feminist ecocriticism*) en það nýja hugtak undirstrikar að vistfemínismi síðustu aldar hefur tekið vissum breytingum og víkkað enn frekar fyrra sjónarhorn sitt. Þar hefur svokallaður pósthúmanismi haft sitt að segja,

75 Val Plumwood, *Feminism and the Mastery of Nature*, London og New York: Routledge, 1993, bls. 8–9.

með því að leggja áherslu á að við sem lífverur erum ekki aðeins samsett úr ólífrænum þáttum á borð við kjarnasýrur heldur eru gegndræpar frumur líkama okkar í stanslausri osmósu við umhverfið og ytri þættir flæða inn, meðal annars í formi eiturfena, baktería, veira og geislunar, auk þess sem okkar eigin tækni (gerviliðir, gerviaugasteinar, gervigreind og fleira) máir stöðugt út mörk hins lífræna og ólífræna. Slíkt sjónarhorn hafnar ekki aðeins mannmiðjuhugsun (e. *anthropocentrism*) heldur einnig hefðbundnum skilgreiningum á hinu mannlega: í stað þess að einblína á aðgreiningu og flokkanir beinist athyglin að tengingum og víxlverkun.⁷⁶ Skáldsögurnar *Jarðnæði* og *Undirferli* endurspeglar þessar tilfærslur.

Søren Frank er einn þeirra sem glímur við þá spurningu hvort og hvernig hægt sé, í þeim skáldskaparformum sem við þekkjum, að takast á við loftslagsbreytingar þar sem orsakir og afleiðingar eru á jarðfræðilegum skala, allir þræðir samtvinnuðir í heildarnet vistkerfis jarðar og sögutími og sjónarhorn nógu vítt til að ögra öllum hefðbundnum mannlegum viðmiðum. Hann segir okkur þurfa frásagnir sem þjóni ekki aðeins því hlutverki að þýða gögn eða miðla vísindunum heldur skapi aðra tegund þekkingar með tungumáli sínu, formi og sjónarhorni – þekkingu sem sé „inngrónnari, áþreifanlegri, reynslutengdari og tilvistarlegri“ en sú sem einkennir vísindalega orðræðu. Hann telur þó að þetta sé ekki aðeins spurning um hvernig við *skrifum*, heldur einnig hvernig við *lesum*. Áherslur bókmenntastofnunarinnar hafi byggst á of þröngri sýn á eðli fagurbókmennta: „Gæti verið að skáldsögur teygi sig mun lengra, séu af mun blandaðri uppruna, ekki jafn mannhverfar og við höfum talið og að það sé í raun túlkun þeirra sem hafi takmarkað umfang þeirra?“ Frank kemst að þeirri niðurstöðu að það yrði ávinningur að því að endurlesa margar þeirra með visthverfum áherslum, til dæmis með því að beina meiri athygli að flóknu samspili ólíkra þátta.⁷⁷

Oddný Eir Ævarsdóttir tekst á við hinn sífellt vaxandi umhverfisvanda í *Jarðnæði* og formið endurspeglar áskorunina. Bókin er skrifuð eins og dagbók þar sem ritarinn tengir eigin leit að heimili og lífsförunaut við leit að

76 Sbr. Serpil Oppermann, „Feminist Ecocriticism. The New Ecofeminist Settlement“, *Feminisms*, 2013, bls. 65–88, hér bls. 68; Serpil Oppermann, „From Material to Posthuman Ecocriticism. Hybridity, Stories, Natures“, *Handbook of Ecocriticism and Cultural Ecology*, ritstj. Hubert Zapf, Berlín og Boston: De Gruyter, 2016, bls. 273–94, hér bls. 276.

77 Søren Frank, *A Poetic History of the Oceans. Literature and Maritime Modernity*, Studies in Comparative Literature 98, Leiden og Boston: Brill, 2022, bls. 333–48.

lausnum í loftslagsmálum og segir að „í kreppu sem þessari rennur leitin að eigin húsnæði saman við leitina að nýrri formgerð samfélagsins. Spurningin er í báðum tilfellum hvernig lifa megi sjálfum sér nógur en um leið í þroskandi samskiptum við aðra“.⁷⁸ Hún segist „orðin alveg forhert í því að þannig verði stundum að ræða vandann, hann sé aldrei á einu plani heldur liggi samhliða öðrum vanda. Kannski í lögum, jarðlögum, maður verður að fara þvert í gegnum þau til að komast til botns í vandanum.“⁷⁹ Oddný gerir okkur jafnframt ljóst að kjarni þessa vanda er hið samfélagslega óréttlæti sem alls staðar blasir við. Efnahagshrunið þremur árum fyrr hefur í huga sögumanns staðfest þá vistfemínísku afstöðu, sem talað var um hér að framan, að samfélagslegt óréttlæti tengist yfirgangi á hendur náttúrunni og sögumaður talar um kaupsýslumenn sem „búa í skattaskjólum og á skattfrjálsum skjýjum. Svo rignir bara rusli og mengun yfir okkur hin“.⁸⁰

Oddný Eir sækir meðal annars réttlætingu fyrir hinum persónulega tóni bókarinnar í *Walden* þar sem Thoreau biður lesendur sem engan sérstakan áhuga hafa á honum sjálfum að afsaka það að hann skuli í þessu riti svara persónulegum spurningum um líf sitt við vatnið.⁸¹ Sjá má fleiri tengingar við skrif Thoreaus, ekki síst tilraunir hans til að tengjast einhverju æðra gegnum náttúruna og viljann til að leita í allar trúarlegar áttir. Sögumaður *Jarðnæðis* segir til dæmis að kristindómurinn sé „ámíning um að tengjast náttúrunni, verða að moldu á hverjum degi og rísa upp úr moldu, hefja sig upp yfir náttúrulögmálin með hjálp náttúrulögmálanna“⁸² en horfir ekkert síður til heiðinnar heimsmyndar.

Oddný vísar þó jafnframt til enn eldra rits þar sem persónulegar hugleiðingar og stundum hugleiðsla eru samfléttaðar nákvæmri stúdíu á náttúrunni er hún segir að leiðarvísir sinn sé „dagbók Dorothy Wordsworth systur hins fræga rómantíska skálds William Wordsworth“.⁸³ Sú dagbók, sem var skrifuð á árunum 1799–1803 og lýsir fjögurra ára samlífi systkinanna á býli í Grasmere á Englandi, var ekki ætluð til birtingar á bók heldur sagði Dorothy tilganginn vera að skemmta bróður sínum William með upplestri úr henni.⁸⁴ Eins og áður sagði eru margir snertifletir milli

78 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Jarðnæði*, bls. 26.

79 Sama heimild, bls. 93.

80 Sama heimild, bls. 37.

81 Sama heimild, bls. 152; Henry David Thoreau, *Walden eða Lífið í skóginum*, bls. 13.

82 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Jarðnæði*, bls. 46–47.

83 Sama heimild, bls. 121.

84 Dorothy Wordsworth, *Lakeland Journals*, Diamond Books, 1991, bls. 19.

bandarísku hugsæisstefnunnar og rómantískra áherslna Williams Wordsworth og dagbók Dorothy er einnig að mörgu leyti eins og fyrirmynd að skrifum Thoreaus í *Walden* þótt hún hafi fyrst verið gefin út, með styttingum, árið 1897. Dorothy lýsir hversdagslegum störfum við búíð, ekki síst þeim sem viðkoma gróðursetningu, umhirðu og uppskeru matjurta, en mesta þúðrið fer í að lýsa því, oft í miklum smáatriðum, sem fyrir augu ber þegar hún á stundir með sjálfri sér í náttúrunni: landslagi, plöntum, dýrum og stundum fólki. Slíkum upplifunum fylgja gjarnan lýsingar á innri geðshræringum, oft melankólíu og heitum tilfinningum til bróðurins, og stundum andleg upplifun, eins og þegar Dorothy virðast öldur á stöðuvatni vera dans anda sem rísa upp úr vatninu.⁸⁵ Hér hefur Oddný fundið, innan dagbókarhefðarinnar, kvenlega, rómantíska sýn til að tengja sig við, tengda einkalífínu og í senn tilfinningalegri og bundnari nánú daglegu samneyti við aðra en oft og tíðum predikandi ritgerðir Thoreaus með sterkri áherslu sinni á einveru og traust einstaklingsins á sjálfan sig. Persónulegt dagbókarformið hentar leit Oddnýjar Eirar að lausnum sérlega vel; það er nógu opið til að rúma næstum hvaða tegund skrifa sem er og í stað kröfu um heildstæða einingu skáldsögunnar leyfir formið lausleg hugrenningatengsl, brotakenndar vangaveltur og vísanir út og suður. Um leið samrýmist það vel áðurnefndri hugsjón hennar, að umræðan þurfi að fara fram á mörgum plönnum sem skarast, og býður upp á „bókmenntalegan fjölbreytileika í anda líffræðilega fjölbreytileikans“.⁸⁶ Reyndar er margt sambærilegt í bók Sverris Norland, *Stríð og klíður*, sem kom út tíu árum síðar, árið 2021, þar sem hann tekst á við loftslagskvíða sinn. Sverrir setur skrif sín einnig fram sem hugleiðingar sem spretta upp af persónulegum athöfnum hans og hversdagslegum aðstæðum og kynnir þá hugmynd að lífríki jarðar sé uppspretta ímyndunarafslins: „Sögur okkar hafa alltaf sótt innblástur í fjölbreytileika jarðar“.⁸⁷ Líkt og Oddný Eir gerir bæði í *Jarðnæði* og *Undirferli*⁸⁸ styðst hann við rómantíska hugmynd um samræmi ytra og innra landslags og að umhverfið, náttúran, móti manneskjuna sem þar býr en aðlagar hana nýlegri hugmyndum póst-

85 Sama heimild, bls. 28.

86 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Jarðnæði*, bls. 118.

87 Sverrir Norland, *Stríð og klíður. Hvað verður um ímyndunaraflid?*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2021, bls. 15.

88 „Það er algjör hliðstæða á milli þeirrar óafturkræfu eyðileggingar sem verður á landinu og á geðinu“, segir sögupersóna Oddnýjar Eirar Ævarsdóttur í *Undirferli*, bls. 89. Sverrir Norland vill að sama skapi kanna „hvaða afleiðingar hnignun landslagsins í kringum okkur hefur á landslagið innra með okkur“, í *Stríð og klíður*, bls. 30.

húmanismans um gegndræpi okkar gagnvart umhverfinu: „Við þurfum að fara vel með heiminn því að hann ólgar, bókstaflega, í æðum okkar.“⁸⁹ Hann tengir þannig „stríð“ mannkyns gegn fjölbreytileika jarðar – útrýmingu annarra tegunda – við það persónulega vandamál að hann lendir í „fullkominni sköpunarstíflu“.⁹⁰

Heimurinn virtist skyndilega svo gegnsýrður af manngerðum vandamálum – og mannfólki – að ég gat ekki réttlætt það að loka mig af og búa til ný gervi-vandamál, búa til nýtt plat-mannfólk, til að setja á milli spjalda einhverra skáldsagna. Við vorum með okkur sjálf á heilanum. Orðið til að lýsa því er mannhverfa.⁹¹

Hér er Sverrir á svipuðum slóðum og Andri Snær Magnason sem segir að vitneskjan um „stórhuga áætlanir um algera eyðileggingu á mörgum af helstu perlum hálendis Íslands“ hafi orðið „eins konar ritstífla sem fyllti hægra og vinstra heilahvelið og nánast ekkert annað komst að í huganum“.⁹² Persónulegur tónninn í verkum Sverris og Oddnýjar Eirar á sér þannig íslenska fyrirmynd í *Draumalandi* Andra Snæs frá 2007, sem mætti lýsa sem samsafni hugleiðinga um stöðu Íslands, raunverulega og mögulega, hvað varðar aðferðir við nýtingu náttúru og mannaúts,⁹³ og í *Um tímann og vatnið* (2019) þar sem Andri Snær gerir tólf árum síðar atlögu að því að kljást í orðum við loftslagsbreytingar sem „eru flóknari en flest það sem hugur okkar er vanur að fást við. Þær eru stærri en öll fyrri reynsla okkar, stærri en tungumálið og flestar myndhverfingar sem við notum til að skilja veruleikann.“ Hann telur að „eina leiðin til að skrifa um málefnið [sé] að fara aftan að því, til hliðar, undir það, aftur og fram í tímann, vera persónulegur og vísindalegur og nýta sér tungumál goðafræðinnar“.⁹⁴ Esseyjuformið á bók Sverris er nær þessum verkum Andra Snæs en skáldaðri dagbók Oddnýjar Eirar og líkt og Andri Snær

89 Sverrir Norland, *Stríð og klišur*, bls. 22.

90 Sama heimild, bls. 7.

91 Sama heimild, bls. 15.

92 Andri Snær Magnason, *Um tímann og vatnið*, Reykjavík: Mál og menning, 2019, bls. 58.

93 Andri Snær Magnason, *Draumalandið. Sjálfshjálparbók handa bræddri þjóð*, Reykjavík: Mál og menning, 2007.

94 Andri Snær Magnason, *Um tímann og vatnið*, bls. 10.

gerir í *Um tímann og vatnið* reynir Sverrir að gefa einhvers konar tilfinningu fyrir tímaskala loftslagsbreytinga með því að tengja við fyrri og komandi kynslóðir. Þetta virðist algengt bragð þeirra sem fjalla um loftslagsbreytingar og má í því sambandi einnig nefna bók M. Jackson, *While Glaciers Slept* frá 2015, þar sem hún fléttar fjölskyldusögu sína, og söknuð eftir látnum foreldrum, saman við lýsingu á þeim missi sem við upplifum á tímum loftslagsbreytinga þar sem orsökina er vangeta okkar til að „ímynda sér framtíðina öðruvísi“. ⁹⁵ Í skrifum um loftslagsmál er því gjarnan gripið til þess ráðs að *segja sögur* þrátt fyrir yfirlýsingar um ómöguleika þess að lýsa eða takast á við svo stóra ógn með mannlegu tungumáli og ímyndunarafla. Oddný Eir lætur eina sögupersónu sína lýsa því yfir að þau sem spyrna á móti yfiringi gegn náttúrunni hafi „enga lausn aðra en fallegan skáldskap“ ⁹⁶ og Sverrir leitar í rómantíska hugmynd um skáld, sem eins og börn viti af eðlisávísun sinni að heimurinn ólgar, eins og áður sagði, „í æðum okkar“. ⁹⁷ En það er Oddný Eir sem treystir mest á skáldskapinn, þ.e. hún nýtir skáldsagnaformið fyrir samsuðu raun-sæisfrásagnar, fantasíu, sjálfsævisögulegra vísana og samfélagsgreiningar og -gagnrýni. Persónur í *Jarðnæði* eru til dæmis kallaðar fugla- og dýraheitum og fyrir þá lesendur sem vita að skáldsögur hennar dansa oft á mörkum hins sjálfsævisögulega er freistandi að reyna að lesa hana sem hálfgerða lykilfrásögn (fr. *roman à clef*) ekki síður en brýningu til breyttrar afstöðu til umhverfisverndar og samfélagsskipunar. Útkoman verður fjörug samsuða, opin í alla enda.

Eyjur sem tilraunastofur

Já: eyjar eru tilraunasvæði {...} ⁹⁸

Oddný Eir Ævarsdóttir nýtir sér eyjahugtakið og tengir eyjarnar fyrrnefndum vistfemínískum áherslum sínum á náttúrugyðjur. Í *Jarðnæði* vonast hún til dæmis eftir einhvers konar leiðsögn eyjagyðja:

95 M. Jackson, *While Glaciers Slept. Being Human in a Time of Climate Change*, Vermont: Green Writers Press, 2015, bls. 11.

96 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 169.

97 Sverrir Norland, *Stríð og klíður*, bls. 22.

98 Godfrey Baldacchino, „The Coming of Age of Island Studies“, *Tijdschrift voor Economische en Sociale Geografie*, 3/2004, bls. 278.

Ég vildi gjarnan finna einhvers konar kvenlega lausn innan í hringiðu hinnar karlmiðuðu menningar okkar. [...] Persefóna, gamla gríska eygyðja? Ber hljómur nafns þíns með sér vísbendingu um þá leikglöðu kyrrð og opnun sem við þráum á okkar dögum? Get ég treyst eyrum mínum, er þetta leiðbeinandi ómur, leiðarstef frá eyjunum?⁹⁹

Að baki lúrir sú von að eyjan Ísland geti gegnt hlutverki í loftslags- og umhverfisverndarumræðunni; að sjónarhorn Íslendinga sem eyjaskeggja geti nýst til að finna skapandi lausnir, sem tengist auðvitað áðurnefndum samsvörunum innra og ytra landslags. Eylenska verður því gegnumgangandi stef í *Jarðnæði* þótt sögumaður viðurkenni að hugmyndir hennar um hlutverk eyjanna séu óljósar.¹⁰⁰ Í *Undirferli*, sem kom út sex árum síðar, kafar Oddný svo dýpra í eylenskuna og hlutverk eyjarinnar sem „rannsóknarstofu“ í leitinni að réttlátara og vistvænna samfélagsformi.

Undirferli er sett upp eins og vitnisburður sögupersónanna Smára og Írisar, fyrst í yfirheyrslum lögreglu, þar sem látið er að því liggja að tæki sem Smári er með í smíðum, einhvers konar áttaviti til að meta heilindi fólks, hafi þau notað til skemmdarverka á rannsóknastofnun þar sem þau starfa og seinna að tækið eigi einhvern þátt í því að samstarfskona þeirra, Sara, liggur í dái á sjúkrahúsi. Allan tímann er óljóst hvort og þá hvaða glæpur hefur verið framinn og eftir að Sara vaknar úr dái fáum við að heyra játningar Smára og Írisar hjá sálfræðingi þar sem þau reyna að vinna úr því áfalli að hafa orðið fyrir slíkum ásökunum.

Snemma í sögunni kemur fram að Smári hefur elt æskuástina Írisi til Vestmannaeyja til að vinna með henni hjá „*Rannsóknarstofunni Surtsey* [...] þar sem verið er að rannsaka örveruvöxt í hinu nýmyndaða landi eyjarinnar“.¹⁰¹ Oddný Eir tekur okkur því með á æ minni og einangradri eyjar; frá meginlandi Íslands til Vestmannaeyja og þaðan á hina örlytlu, glænýju og aflokuðu Surtsey. Markmiðið er að finna hina tilvöldu rannsóknastofu.

Mér finnst eins og við Íslendingar vitum ekkert sérstaklega mikið um þetta vistræna undur. Það er eins og {Surtsey} sé bara draumaland fárra ástríðufullra fræðinga. En raunar er

⁹⁹ Oddný Eir Ævarsdóttir, *Jarðnæði*, bls. 80.

¹⁰⁰ Sama heimild, bls. 132.

¹⁰¹ Sama heimild, bls. 11.

þarna stórkostlegt tækifæri fyrir okkur öll til að fylgjast með kviknun lífs. Skilja betur þróun og tengsl lífvera við umhverfi sitt. Og við dauðann og eyðinguna.¹⁰²

En líkt og áherslan á gyðjur getur viðhaldið og styrkt hefðbundin andstæðupör fylgja margræðu eyjahugtakinu einnig flækjur. Ísland hefur sína eigin eylensku sem flækir þá hugmynd að einfaldlega sé hægt að nota það sem lýsandi dæmi eða sem tilraunastofu. Robert Shannan Peckham bendir á að eyjar hafi í mörgum fræðigreinum, eins og mannfræði, jarðfræði, grasufræði og dýrafræði, verið taldar kjörsvæði til að rannsaka einangruð lífsform eða samfélög og þróun þeirra.¹⁰³ Eins og Stephanos Stephanides sýnir fram á eru eftirlendueyjar þó ekki síður álitnar þvermenningarleg „milli“-svæði.¹⁰⁴ Hugmyndin um Parísareyjuna var meðal annars hagnýtt í nýlendustefnunni og rannsókn Sumarliða Ísleifssonar á ímyndum Íslands og Grænlands hefur leitt í ljós að fram til miðrar 19. aldar voru Ísland og Grænland oft „kynnt sem annarleg [svæði], furðueyjar“ með bæði hættulega og eftirsóknarverða eiginleika.¹⁰⁵ Íslendingar vilja helst skilgreina fyrri stöðu sína innan danska ríkisins sem „hjálandu“ en Sumarliði telur að þar sem tengsl Íslands við umheiminn hafi verið „um margt lík tengslum nýlendu og nýlenduveldis“ megi í umfjöllun um það nýta „fræðilega umræðu um nýlendustefnu“.¹⁰⁶

Einn meginþáttur í ímyndarsköpun á eyjunum tveimur í norðri getum við kallað frumstæða útópiu. [...] Íslendingar og Grænlandingar [voru] kynntir sem andstæða siðleysis og óhófs sem siðmenntað fólk geti lært mikið af. [...] Þessi viðhorf tengdust líka orðræðu um eyjar en samkvæmt henni höfðu þær oft verið kynntar sem staðir þar sem fólk lifði í nægjusemi fjarri heimsins glaumi.¹⁰⁷

102 Sama heimild, bls. 17.

103 Robert Shannan Peckham, „Coasting“, bls. 86.

104 Stephanos Stephanides, „Translating Floating Islands. How to Use This Book“, *Beyond the Floating Islands*, bls. 10–14, hér bls. 12.

105 Sumarliði Ísleifsson, *Tvær eyjar á jadrinum. Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum til miðrar 19. aldar*, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2015, bls. 48.

106 Sama heimild, bls. 29 og 32.

107 Sama heimild, bls. 230.

Oddný Eir leitar að einhverju leyti í þessa orðræðu og hjá henni má sjá sömu tilhneingingu og Sumarliði sér á 19. öld: „að skoða Ísland samtímans [...] með fortíðarsjónauka“. Sumarliði vísar til „hugmynda um að Ísland gæti að nýju orðið það fyrirmyndarsamfélag sem það einu sinni var“¹⁰⁸ og bæði í *Jarðnæði* og í *Undirferli* má sjá hugmyndir um að draga megi lærdóm af fornu sambýli Íslendinga og annarra eyjabúa við náttúruna. Í *Jarðnæði* reynir Oddný Eir jafnframt að réttlæta áhersluna á tengsl fólks og hópa við tiltekið landsvæði í umræðu um umhverfisverndarmál sem ná þvert yfir öll landamæri. Hún vill gera skýran greinarmun á neikvæðri þjóðernishyggu og jákvæðri ættjarðarást, prófar orðin „*móðurjarðarást* eða *móðurjarðarumhyggja*“ en ákveður frekar „að skipta út orðinu ættjarðarást fyrir fósturjarðarást“.¹⁰⁹ Þannig reynir hún að gera skýran greinarmun á slíkri ást og þeirri þjóðernishyggu sem í gegnum tíðina hefur leitt til stríðsátaka og annarrar valdabaráttu, fordóma, kúgunar, útilokunar, ofbeldis og mannréttindabrota. Hér snertir hún á mikilvægu máli. Við gerum okkur æ betri grein fyrir því að loftslagsmálin þarfnast viðbragða og breytinga sem ná til allra þátta tilverunnar: jafnt til hins einstaklingsbundna og persónulega sem hins alþjóðlega, pólitíska og stofnanabundna – og að allt er þetta samofið. Umhyggja fyrir nærumhverfi okkar og ábyrgðartilfinning gagnvart því, sem oft sprettur af persónulegum tengslum við það gegnum fjölskyldu, þjóð og menningu, er mikilvægur hluti af stóra samhenginu, sem þarf þó alltaf að hafa í huga líka.¹¹⁰ Vistfemínistar og annað baráttufólk í umhverfismálum kalla á jöfnuð og sjálfbærni á öllum stígum, frá borgurum og neytendum til fyrirtækja og stjórnvalda og Greta Gaard segir að við þurfum í senn „staðbundið, þjóðlegt og alþjóðlegt sjónarhorn á loftslagsréttlæti“.¹¹¹

Hér að framan hefur verið fjallað um það hvernig Oddný Eir samþættir hið persónulega og hið samfélagspólitíska og það er augljóst að hún vinnur líka með samleik hins hnattræna og hins staðbundna. Hún hefur samt áhyggjur af því í *Jarðnæði* að vera kölluð „þjóðernissinni“¹¹² og hér gæti verið komin ein ástæða fyrir því að tilraunastofu-eyjar Oddnýjar

108 Sama heimild, bls. 232–33.

109 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 146–47.

110 Í bókinni *As Long as Grass Grows* fjallar Gina Gilio-Whitaker um mikilvægi persónulegra og andlegra tengsla einstaklinga, ætta og þjóða við landsvæði í menningu frumbyggja Norður-Ameríku og segir hana samofna ábyrgðartilfinningu gagnvart náttúrunni.

111 Greta Gaard, „Ecofeminism and Climate Change“, bls. 29 og 20–21.

112 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 146–47.

Eirar verða æ smærri, einangraðri og „nýrri“. Í Surtsey verður auðveldara, fyrir tilstilli fantasíunnar og annarra skáldskapartækja, að virkja möguleika eyjarhugtaksins án þess að raunveruleg staða Íslands í tengslum við önnur lönd, ekki síst flókin saga erlendra yfirráða og þjóðernisleg arfleifð sjálfstæðisbaráttunnar, þvælist fyrir.

Táknmynd möguleika

Í *Undirferli* er sögupersónan Smári upptekinn af hinum innri áttavita eins og Thoreau: „Maður verður að vera skipstjóri í sinni eigin siglingu lífsins. [...] Áttavitinn minn er stilltur á réttlætið, ástina og guddóminn í öllu sem er.“¹¹³ Það reynist Smára og Írisi þó þrautin þyngri að halda í þann leiðarvísi andspænis eyðandi græðgi, valdabrólti og drottunargirni ráðandi afla, ekki bara innan rannsóknarfyrirtækisins þar sem þau vinna heldur innan samfélagsins í heild. Surtsey verður hér, eins og svo margar eyjar bókmenntasögunnar, táknrænt svæði stríðandi og andstæðra afla; í þessu tilviki lífshættulegra eldsumbrota og nýs gróðurs sem sprettur til lífs í friði fyrir ágangi manna. Í tilraun til að styrkja innri áttavitann vill Smári „reyna að lesa í sundur lífskraft sem er annars vegar frjógandi og hins vegar eyðileggjandi“ með því að smíða áður nefnda vél, „hjálpartæki innsæis eða dómgreindar“.¹¹⁴ Eins og Íslendingar vita eru jarð- og neðan-sjávareldar þó ekki bara eyðileggjandi heldur skapa frjósaman jarðveg fyrir nýjan gróður og Íris bendir á hversu samtvinnuð þessi öfl eru í raun: „Lífið og *daudinn* í Surtsey er okkar grundvöllur, tilgangur og bakland.“¹¹⁵ Ný veira sem finnst á þessari „dularfullu svörtu eyðieyju“ verður hins vegar táknmynd afla sem „nýta sér lífskraft annarra“.¹¹⁶ Spyrja mætti hvort hún eigi að einhverju leyti að tákna rányrkju- og arðráns hlutverkið sem mannkynið hefur tekið sér í annars náttúrulegu samspili frjógunar og eyðileggingar.

Það hlutverk einkennist einna helst af ofbeldi og aðalpersónurnar í *Undirferli* eru uppteknar af því hvernig þær geti brotist út úr vítahring alls kyns ofbeldis; ekki bara líkamlegs heldur líka andlegs og ekki bara á hnattrænum skala, gagnvart öðrum lífverum, heldur í sínum persónulegu samböndum. Eins og kom fram í MeToo-hreyfingunni geta kúgunarad-

113 Sama heimild, bls. 13.

114 Sama heimild, bls. 46 og 15.

115 Sama heimild, bls. 40. Skáletrun mín.

116 Sama heimild, bls. 17 og 16.

ferðir verið ísmeygilegar og Oddný beinir meðal annars athygli að karllegum yfirgangi í vísindum. Sögupersónan Íris rifjar upp hvernig hún í fyrra sambandi átti erfitt með að finna jafnvægi milli móðurhlutverksins og rannsóknarstarfa og eyddi þar að auki löngum tímum í að fara yfir skýrslur fyrrverandi eiginmanns og kollega. Hann launar henni greiðann með því að vara fólk við því að hún sé erfið í samstarfi og gangi með ranghugmyndir um að Háskólinn sé á móti henni vegna þess að hún hafi ekki fengið stöðu sem hún sótti um; sé haldin paranoju og hysteríu og það sé ef til vill vegna brjóstgajafar.¹¹⁷ Slíkar sögur kallast á við MeToo-vitnisburði kvenna í vísindum frá 2017 þar sem kemur fram ótti við að rugga bátnum og verða í kjölfarið konan sem er þekkt fyrir að vera með vesen og enginn vill vinna með,¹¹⁸ sem og rannsóknir sem sýna að konur sinna meirihluta þjónustustarfa innan akademíunnar og þá oft á kostnað rannsóknastarfa sem veita meiri virðingu og starfsframa.¹¹⁹

Oddný Eir stillir frjóum krafti gyðjunnar Freyju upp sem nýju afli til bjargar og vísar í hugmyndir um að slæmt ástand heimsins megi rekja til þess að karleg öfl hafi rænt náttúruvísku og völdum frá gyðjum.¹²⁰ Þetta er kunnuglegt þema úr vistfemínískum bókmenntum á borð við *Gunnlaðar sögu* sem áður var minnst á. Hins vegar má greinilega sjá að vistfemínisminn hefur gengið í gegnum breytingar á 21. öldinni. Eins og fram hefur komið einkennist femínísk vistrýni æ meira af ríkri meðvitund um að þróun okkar sem tegundar sé ekki einungis samtengd þróun annarra lífvera heldur einnig í auknum mæli þróun tækninnar sem við sjálf höfum skapað, sem og um óljós skil hins lífræna og ólífræna. Þótt Oddný Eir einbeiti sér að mannlega þættinum í skrifum sínum um loftslags- og umhverfisvandann, og dýr gegni þar til dæmis táknrænu hlutverki fremur en að þau séu í aðalhlutverki, þá minnir Surtseyjar-veiran, sem ekki er lífvera, og tækið sem Smári hannar á það að lífið „efnisgerist sem net fyrirbæra sem tengir hið örsmáa við hið allra stærsta, bakteríur við lífhvolfið, genin við hnöttinn“.¹²¹ Og í stað þess að láta nægja að stilla kvenlegum náttúrugyðjum

117 Sama heimild, bls. 118, 47 og 121.

118 Bára Hulda Beck, „Tími þagnarinnar liðinn. Sögurnar allar“, *Kjarninn*, 15. desember 2017. Sjá einnig: „Á fjórða hundrad konur skora á vísindasamfélagið að uppræta kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi“, *Knúz. Femínískt vefrit*, 30. nóvember 2017.

119 Rachel L. Roper, „Does Gender Bias Still Affect Women in Science?“, *Microbiology and Molecular Biology Reviews*, 3/2019.

120 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 163.

121 Stefan Helmreich, *Alien Ocean. Anthropological Voyages in Microbial Seas*, Berkeley: University of California Press, bls. ix. Tilvitnun sótt til Serpil Oppermann, „From Material to Posthuman

upp sem æðri andstæðu eyðandi karllegrar tækni og yfirgangs minnir Oddný Eir okkur að sama skapi á hversu óljós skilin milli grundvallarandstæðna á borð við kyn geta orðið. Aukapersóna að nafni Eddi skýtur skyndilega upp kollinum og verður fljótt transkonan Edda sem vísar veginn. Hér tekur Oddný Eir þátt í viðleitni sem Asmae Ourkiya kallar að gera vistfemínisma hinsegin (e. *queering*) og felst ekki aðeins í því að grafa undan kynjatvíhyggju heldur ögra því viðhorfi að mannlegir líkamar eigi að vera stöðugir. Vistfemínisminn þarf að frelsast undan skadlegri eðlishyggju sem hefur einkennt hann frá upphafi, segir Ourkiya. Í staðinn ætti hann nú að einkennast af eftirkynhyggju (e. *postgenderism*), sem leysir upp tvíhyggju kyns og kynhneigðar, og færast í átt að umhverfisrannsóknnum sem ná til allra manneskja og hins meir-en-mennska.¹²²

Oddný leitar þannig lausna í óljósum mörkum: í samræðu andstæðra póla, fortíðar og framtíðar, milli ólíkra aðferða. Því ekki að „reyna að blanda saman nútímavísindum og göldrum“, veltir Smári fyrir sér.¹²³ Markmiðið er að Surtsey „verði tákngervingur náttúruverndarbaráttu“ og „gegn yfirgangi yfir höfuð“.¹²⁴ Eftir því sem þeim tilraunum vindur fram verður frásögnin súrrealískari og endar loks í gegnheilli fantasíu í Surtsey þar sem völvan Edda fer til dæmis að tala mál vísdomsins við fugla og Írasi og Smára vex fjáðrahamur. Steinunn Inga Óttarsdóttir segir réttilega „táknin ryðjast hvert um annað þvert“ í *Undirferli* og telur reyndar að „mystíkin, andríkið og boðskapurinn ber[ist] söguna ofurliði“.¹²⁵ En í *Undirferli* er fullyrtd að „ef við tökum ekki sénsinn á smá bulli þá lokum við á mögulega endurskoðun á sögunni“.¹²⁶ Eyjan verður þar táknmynd möguleika og getur orðið hvort sem er dystópía og útópía. Hvarfið á vit fantasíunnar í lokin undirstrikar að *Undirferli* er fyrst og fremst skáldskapur; Oddný segir skilið við dagbókarformið og sjálfsævisögulegu vísanirnar og kannar möguleika skáldsögunnar til að takast á við hið ómögulega, í þeirri trú að skáldsagan geti verið mun opnara og visthverfara form en við viljum stundum vera láta.

Ecocriticism“, bls. 273.

122 Asmae Ourkiya, „Gender Essentialism and Ecofeminist Literature“, *The Routledge Handbook on Ecofeminism and Literature*, bls. 311–20, hér bls. 314 og 317.

123 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 26.

124 Sama heimild, bls. 171.

125 Steinunn Inga Óttarsdóttir, „*Undirferli* ógnar forminu á lúmskan hátt“, „Viðsjá“, *RÚV*, 15. janúar 2018.

126 Oddný Eir Ævarsdóttir, *Undirferli*, bls. 14.

Ágrip

Í greininni er rýnt í vístfemínísk einkenni í skáldverkum eftir Tove Jansson frá áttunda áratug 20. aldar og Oddnýju Eirar Ævarsdóttur frá öðrum áratug 21. aldar í því augnamiði að sýna hvernig áherslur vístfemínismans, sem mótuðust fyrir um hálfri öld, megi enn greina í samtímaverkum þótt hann hafi einnig þróast í nýjar áttir. Sérstakri athygli er beint að eyja- og gyðju-myndmáli í þessu samhengi auk þess sem mikilvægi grundvallar-hugmynda vístfemínismans í loftslagskrísu samtímans er áréttað.

LYKILORD: vistrýni, vístfemínismi, loftslagskrísa, eyjabókmenntir, gyðjur

Abstract

This article provides a study of ecofeminist features in the fiction of Tove Jansson in the 1970s and Oddný Eir Ævarsdóttir in the 2010s, with the intention of showing how an ecofeminist perspective which gained ground half a century ago can still be detected in contemporary works, albeit with changes in emphasis. Special attention is paid to the role of islands and goddesses, as well the value of ecofeminist thought in confronting the contemporary climate crisis.

KEYWORDS: ecocriticism, ecofeminism, climate crisis, island literature, goddesses